



KJÖLFESTA

FRÉTTABRÉF STÉTTARFÉLAGS STARFSMANNA Í ALMANNAPJÓNUSTU

Kjölur stéttarfélag | Skipagötu 14 - þriðju hæð | 600 Akureyri | Sími 525 8383 | www.kjolur.is | Mars 2023 | 2. tölublað | 19. árgangur

Starfið á liðnu ári

Aðalfundur og ný stjórn

Nýtt úthlutunarfyrirkomulag sumarhúsa

Starfið mitt



Ávarp formanns

Til móts við verkefni nýs kjörtímabils

Þriggja ára kjörtímabil nýrrar stjórnar Kjalar hefst í kjölfar komandi aðalfundar þann 29. mars næstkomandi. Liðið kjörtímabil hefur verið afar viðburðaríkt og á þessum tímapunkti vil ég þakka fráfarandi stjórnarfólki gott samstarf og bjóða nýtt fólk í stjórn Kjalar velkomið til starfa. Sjálf hef ég starfað lengi á þessum vettvangi og hlakka til starfa á komandi kjörtímabili, sem jafnframt verður mitt síðasta tímabil þar sem ég verð 69 ára við lok þess.

Sameining Kjalar stéttarfélags og fjögurra annarra stéttarféлага opinberra starfsmanna var stærsta verkefni síðari hluta liðins kjörtímabils stjórnar Kjalar. Henni hafa fylgt fjölmörg verkefni í endurskipulagningu félagsins sem er nú stærra og öflugra en nokkru sinni áður. Leiðarljós í allri þessari vinnu hefur verið og verður áfram að tryggja félagsfólki Kjalar góða þjónustu félagsins. Við höfum lagt mikla áherslu á upplýsingamiðlun til félagsfólks, nýtt samfélagsmiðla, heimasíðu og útgáfu í þeim tilgangi auk þess sem félagsfólk hefur mikið samband símleidis við okkur starfsfólkið á skrifstofum Kjalar til að fá aðstoð við úrlausn sinna mála. Eitt af verkefnum komandi missera verður að samræma alla ásýnd félagsins og upplýsingamiðlun – allt í þeim tilgangi að styrkja ímynd félagsins gagnvart félagsfólki sem öðrum.

Okkar biður að gera kjarasamninga til lengri tíma og umfram allt þarf að koma böndum á verðbólguna sem er launþegum og öllu samfélaginu dýrkeypt. Eitt stærsta verkefni komandi ára er að mínu mati að takast á við breytingar á vinnumarkaði. Það þarf að standa vörð um hagsmuni félagsfólks á blönduðum vinnumarkaði þar sem æ fleiri vinna hluta síns vinnutíma frá heimili. Tækniþróunin er líka mikill áhrifavaldur á vinnumarkaði í dag og

hún er á fullri ferð. Við sjáum störf umbyltast og jafnvel hverfa. Nærtækt dæmi um þetta eru störf í símsvörun og móttöku. Þeim hefur fækkað hratt.

Við verðum einnig að hafa vökult auga með álagi á starfsfólk sem hefur aukist á undanförunum árum. Þess eru dæmi að starfsfólk telji sig ekki geta tekið sumarleyfi þar sem enginn er til að taka við þeirra störfum á meðan. Fjölmargar ástæður eru að baki því að æ fleiri finna fyrir streitu í daglegu starfi og sá hópur hefur einnig stækkað á síðari árum sem skiptir mjög ört um starfsvettvang og því fylgir í mörgum tilfellum mikil streita og álag. Mitt mat er þess vegna að verkefni okkar sem stýrum félaginu á komandi árum sé öðru fremur það að styðja enn frekar og þróa einstaklingsþjónustuna og leggja áherslu á mannlega þáttinn. Hann þarf alltaf að vera í forgangi í öllu okkar starfi.

Líkt og ég sagði í upphafi þá var stéttarfélagasameiningin á síðasta kjörtímabili risavaxið verkefni og Kjölur er í dag langstærsta félag opinberra starfsmanna á landsbyggðinni hvað fjölda félagsfólks varðar og ekki síður hvað varðar landsvæði. Við munum áfram leggja áherslu á að heimsækja deildir félagsins út um landið, efna til félagsmannafunda og treysta trúnaðarmannakerfið. Þau viðbrögð sem við höfum fengið frá félagsmönnum eru nærtækasta svarið við þeirri spurningu hvernig til hafi tekist við sameiningu félaganna. Með jákvæðni félagsfólks í farteskinu tökumst við ótrauð og bjartsýn á við verkefni komandi kjörtímabils.

Með Kjálarkveðju

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður



Útgefandi:

KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannapjónustu
Skipagötu 14, þriðju hæð | 600 Akureyri
Sími 525 8383
kjolur@kjolur.is | www.kjolur.is

Skrifstofa Kjalar stéttarfélags, Ísafirði

Aðalstræti 24 | Sími 525 8329 | ragnheidurasa@kjolur.is

Skrifstofa Kjalar stéttarfélags, Grundarfirði

Borgarbraut 1a | Sími 525 8328 | helga@kjolur.is

Forsíðumynd:

Brúarfoss, haustið 2022
/ Róbert Daniel Jónsson

Ábyrgðarmaður:

Arna Jakobína Björnsdóttir

Umsjón, textavinnsla og umbrot:

Ritform ehf., Akureyri

Prentun: Litróf umhverfissvottuð prentsmiðja



Starfið mótað í kjölfar sameiningar

Árið 2022 var fyrsta heila starfsárið eftir stóru stéttarfélagasameininguna sem varð undir lok ársins 2021 þegar Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Fjallabyggðar og Starfsmannafélag Fjarðabyggðar sameinuðust undir merki Kjalar stéttarfélags. Starfið á liðnu ári markaðist mjög af þessu verkefni, bæði á vettvangi stjórnar og hjá starfsmönnum félagsins en í kjölfar sameiningarinnar var ákveðið að skrifstofur félagsins yrðu þrjár, þ.e. aðalskrifstofa á Akureyri þar sem í dag eru þrír starfsmenn og skrifstofur á Ísafirði og í Grundarfirði með einum starfsmanni á hvorum stað.

Samtal við félagsfólk

Lögð var áhersla á gott samtal við félagsfólk á árinu og í samræmi við það hélt Arna Jakobína, formaður Kjalar, opna félagsfundu á árinu í Ólafsvík, Búðardal, Borgarnesi, á Akureyri, Sauðárkróki og í Neskaupstað. Á fundunum var farið yfir sameiningarvinnuna og verkefni félagsins, orlofshúsamál og fleira. Því til viðbótar voru haldnir fjölmargir vinnustaðafundir, trúnaðarmannafundir og fræðsludagar, svo fátt eitt sé nefnt.

Kjaramál

Árið markaðist einnig af undirbúningi kjaraviðræðna og mótun kröfugerðar. Þau mál voru eitt af stórum verkefnum þriggja daga vinnufundar trúnaðarmanna í október og í nóvember tóku fulltrúar Kjalar þátt í landsfundu bæjarstarfsmannafélaga þar sem lögð var lína um samstarf í kjaraviðræðunum. Í kjölfarið var

BSRB veitt umboð til viðræðna um kjarasamning til skamms tíma, líkt og gert hefur verið í samningum á almenna markaðnum að undanförunu. Kjölur annast hins vegar kjaraviðræður fyrir sína félagsmenn hjá Norðurorku og Orkubúi Vestfjarða og hefur vinna við gerð þeirra samninga staðið yfir nú í ársbyrjun 2023.

Sveitarfélag ársins

Kjölur stéttarfélag var meðal tíu bæjarstarfsmannafélaga sem tóku á árinu þátt í könnun og útnefningu sveitarfélags ársins en þá útnefningu fengu Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Flóahreppur og Bláskógabyggð. Þeir níu þættir sem könnunin náði til hjá sveitarfélögum voru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Könnunin verður árleg héðan í frá.

Einstaklingsþjónusta og ráðgjöf

Reynsla síðasta árs hefur sýnt og sannað hversu mikilvæg þjónusta skrifstofa Kjalar er fyrir félagsfólk. Mikið er leitað til skrifstofunnar með úrlausn ágreiningsefna á vinnustöðum á borð við ólögsmætar uppsagnir, veikindarétt og fleira og nýtur félagið þess að hafa fengið lögfræðing í fullt starf á árinu 2021. Aðstoð og ráðgjöf við einstaklinga hefur komið vel út í öllum þjónustukönnunum, sem undirstrikar hversu mikilvægt það er félagsfólki að eiga bakland í sterku stéttarfélagi.



Fulltrúar Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannapjónustu á framhaldspingi BSRB árið 2022.

Stjórn Kjalar 2023-2026



Arna Jakóbína Björnsdóttir, formaður
Skrifstofa Kjalar
STAK Deild



Árni Egilsson
Skagafjarðar-
veitur
Skagafjarðar-
deild



Gunnfríður Magnúsdóttir
Heilbrigðis-
stofnun
Vestfjarða
FOSVEST deild



Hólmfríður Jónsdóttir
Dalbær
Dalvíkur-
byggðardeild



Hólmfríður Ósk Norðfjörð
Grunnskóli
Fjallabyggðar
Fjallabyggðar-
deild



Ingunn Jóhannesdóttir
Íþróttamann-
virkni
í Borgarnesi
Borgarfjarðar-
deild



Jófríður Magnúsdóttir
Leikskólinn á
Hellissandi
SDS deild



Kristín Sigurðardóttir
Umhverfis- og
mannvirkjasvið
Akureyrarbæjar
STAK deild



Sigurjón Egilsson
Íþróttamann-
virkni
í Neskaupstað
STAF deild



Baldur Magnússon
Skagastrandar-
höfn
FOSHÚN deild

VARASTJÓRN



Hulda Guðmundsdóttir
Norðurorka hf.
STAK deild



Ómar Örn Jónsson
Glerárskóla
STAK deild

Samkvæmt lögum Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu skal í ár kjósa ellefu manna stjórn til þriggja ára og er miðað við að rafrænni kosningu ljúki degi fyrir aðalfundi félagsins, sem verður þann 29. mars næstkomandi. Í febrúar var auglýst eftir framboðum til stjórnarkjörs og bærust tilnefningar um tíu stjórnarmenn og tvo varamenn sem samkvæmt því eru sjálfkjörnir til stjórnarsetu næstu þrjú ár.

Líkt og fram hefur komið hafa viðræður staðið um mögulega sameiningu Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA) við Kjöl. Niðurstaða þeirra viðæðna mun ráða því hvernig síðasta stjórnarsætið verður skipað en það verður kynnt á aðalfundinum.

Sitjandi formaður, Arna Jakóbína Björnsdóttir, gaf ein kost á sér til þess embættis og sömuleiðis gaf Árni Egilsson, núverandi varaformaður, kost á sér til endurkjörs í stjórn. Aðrir stjórnarmenn sem áfram sitja eru Hólmfríður Jónsdóttir, Hólmfríður Ósk Norðfjörð, Ingunn Jóhannesdóttir, Kristín Sigurðardóttir og Gunnfríður Magnúsdóttir. Ný í stjórn eru Jófríður Magnúsdóttir, Sigurjón Egilsson og Baldur Magnússon, auk þess fulltrúa sem tilkynnt verður um á aðalfundinum.

Ómar Örn Jónsson verður áfram annar tveggja varamanna í stjórn en Hulda Guðmundsdóttir er nýr varamaður.

Kjaramál

Jöfnun launa milli markaða þarf að ná í höfn

Kjarasamningur þorra félagsfólks Kjalar í störfum hjá ríki og sveitarfélögum rennur út rennur út þann 31. mars næstkomandi. Undir lok síðasta árs samþykkti stjórn félagsins að fela BSRB samningsumboð til kjaraviðræðna við Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkið. Ástæða þess er ekki síst sú áhersla að BSRB, KÍ og BHM eru í samfloti við frágang á eftirstöðvum kjarasamninga árið 2016 sem snýr að jöfnun launa milli markaða. Bandalögin þrjú ákváðu því í byrjun febrúar að hafa með sér samflot um meginefni nýrra kjarasamninga með það að markmiði að ná meðal annars þessu veigamikla atriði í höfn.



Ljóst var eftir gerð skammtímasamninga á almennum markaði í desember síðastliðnum að til slíkra samninga yrði líka horft á opinberum markaði. Mikilvægt er að tryggja félagsfólki að samningur taki við af samningi og launaþætur skili sér þar með í vasa þess sem fyrst.

Trúnaðarmannakjör og starfs- greinadeildir stofnaðar

Trúnaðarmannakjör Kjalar stéttarfélags var í september síðastliðnum og eru trúnaðarmenn félagsins 51 talsins, vítt og breitt á félagssvæðinu. Meðfylgjandi er listi trúnaðarmenna en hópurinn kom saman á þriggja daga vinnufundi í lok októbermánaðar þar sem lagt var á ráðin með kjaramál og félagsstarfið.

TRÚNAÐARMENN KJALAR

Alda Laufey Haraldsdóttir	Leikskólinn Tröllaborg
Anna Karítas Ingvarsdóttir Sighvats	Ráðhús Skagafjarðar
Anna Szafranec	Ársalir, Sauðárkróki
Áslaug Ottósdóttir	Sæborg
Baldur Jóhann Björgvinsson	Umhverfismiðstöð Akureyrarbæjar
Baldur Þórsson	Orkubú Vestfjarða
Berglind Eva Ólafsdóttir	Leikskólinn í Stykkishólmi
Björt Þorleifsdóttir	Hjúkrunarheimilið Silfurtún
Bogdís Una Hermannsdóttir	Leikskólinn Birkilundur
Brynja Rún Guðmundsdóttir	Sundlaugar Akureyrar
Brynja Þorsteinsdóttir	Leikskólinn Ugluklettur
Bylgja Rúna Aradóttir	Norðurorka
Eiður Sigurðsson	Íþróttamiðstöð Borgarfjarðar
Erla Kolbrúnardóttir	Skammtímavistun og íbúðakjarni
	Dalvíkurbyggð
Friðrik Þór Jónsson	Íþróttamiðstöðin Varmahlíð
G. Anna Reyes	Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar
Gústaf Þórarinnsson	Dalbær, hjúkrunar- og dvalarheimili
Gyða Rós Freysdóttir	Leikskólinn Sólvellir
Hafðís Kristný Haraldsdóttir	Ráðhús Akureyrarbæjar
Halla Tómasdóttir	Sundlaug Sauðárkróks
Halldóra Ingimundardóttir	Grunnskóli Borgarfjarðar
Heiðbrá Hrunð Kristjánsdóttir	Leikskólinn Barnabær
Heiðrún Hallgrímsdóttir	Grunnskóli Grundarfjarðar
Helga Ingibjörg Jóhannsdóttir	Heilsuvernd Öldrunarheimili Hlíð /
	Lögmannahlíð
Hermína Brynja Sigurðardóttir	Akureyrarbær/grunnskólar

Sú nýbreytni var tekin upp að stofna til starfgreinadeilda innan félagsins og leiða trúnaðarmenn það starf. Nú þegar hafa verið stofnaðar starfgreinadeildir fyrir starfsfólk á leikskólum, í grunn- og framhaldsskólum, íþróttamannvirkjum og umhverfis- og mannvirkjastofnunum. Markmiðið er að fjölga starfsgreinadeildunum á komandi árum og styrkja þannig tengsl félagsfólks Kjalar í hliðstæðum störfum.

Hólmfríður Ósk Norðfjörð	Grunnskóli Fjallabyggðar
Hólmfríður Sara Friðjónsdóttir	Hlíðarfjall
Hrafnhildur Inga Ólafsdóttir	Sjúkrahúsið á Akureyri, Kristnes
Íris Björk Sigurjónsdóttir	Verkmenntaskólinn á Akureyri
Jófríður Magnúsdóttir	Leikskóli Snæfellsbæjar, Kríuból
Jóhann Króksnes Torfason	HVEST (sjúkrahús), Ísafjarðarbær
Jóhannes Steinn Sigursveinsson	Ísafjarðarbær búseta
Júlíus Jónsson	Orkubú Vestfjarða svæði 3
Katarzyna Kapszukiewicz	Leikskóli Snæfellsbæjar, Krílakot
Klaudia Gunnarsdóttir	Grunnskólinn í Stykkishólmi
Kristjana Árnadóttir	Grunnskóli Snæfellsbæjar, Ólafsvík
Lára Ólafsdóttir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
Lísa Björk Gunnarsdóttir	Sjúkrahúsið á Akureyri
Monika Gawek	Hæfingarstöð HVEST
Ólóf Matthíasdóttir	Sjúkrahúsið á Akureyri
Sara Kristinsdóttir	Auðarskóli í Dölum
Selma Guðbjartsdóttir	Leikskólinn Eyrarskjól, Ísafirði
Sigríður María Bragadóttir	Strætisvagnar Akureyrar
Sigurbjörg Björnsdóttir	HSN, Fjallabyggð
Sólveig Bláfeld Agnarsdóttir	Grunnskóli Snæfellsbæjar, Hellissandi
Sonja Sif Sigurðardóttir	Árskóli, Sauðárkróki
Una Pálmadóttir	Krílakot, Dalvík
Viðar Örn Ástvaldsson	Orkubúi Vestfjarða svæði 2
Þorbjörg Höskuldsdóttir	Íþróttamannvirki Snæfellsbæjar
Þröstur Hallgrímsson	Dvalarheimilið Fellsendi
Puríður Jóna Steinsdóttir	Amtsbókasafnið á Akureyri

Ókeypis námskeið – eitthvað fyrir alla!

Félagsfólki Kjalar stendur til boða fjöldi áhugaverðra námskeiða endurgjaldslaust en samstarf er við fjóra fræðsluaðila um framboð námskeiða. Um er að ræða Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, SÍMEY – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Starfsmennt – fræðslusetur og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Ástæða er til að hvetja félagsfólk til að nýta sér námskeiðin sem bæði eru vef- og staðarnámskeið, stutt, hnitmiðuð og fræðandi. Sem dæmi um námskeið sem í boði verða fyrir vorið má nefna námskeið um vorverkin í garðinum, fjallafjör, jurtasmyrsl og krem, veðurfar, tapasrétti, upplýsingamiðlun, myndvinnslu og margt, margt fleira.

Upplýsingar um námskeiðin er að finna á heimasíðu Kjalar undir liðnum styrkir/fræðsluaðilar.



Opnað fyrir umsóknir um orlofshús 3. apríl


nýtt fyrirkomulag úthlutana, fyrstur kemur – fyrstur fær

Þann 3. apríl næstkomandi verður opnað fyrir umsóknir um orlofshús félagsins á sumarorlofstímanum 2. júní til og með 8. september. Fyrirkomulag úthlutana er með nýju sniði til reynslu en grundvallarreglan er fyrstur kemur – fyrstur fær. Punktakerfi var áður grunnur að úthlutunum en breytingin nú er gerð til reynslu í ljósi umræðu á félagsfundum í haust og í stjórn Kjalar.

Orlofseignir til úthlutunar í sumar verða 24 talsins og verður ein breyting frá síðasta ári, þ.e. að sumarhúsið Akrasel í Bláskógabyggð hefur verið selt. Sem fyrr eru í boði hagstæð kjör á flug- og hótelmíðum en nýjung í ár eru flugávisanir hjá Niceair en sem fyrr eru einnig í boði slíkar ávisanir hjá Icelandair til notkunar hvort heldur er í innanlands- eða millilandaflugi.

Hótelávisanir eru í boði hjá Íslandshótelum og Keahótelum. Þá býðst félögum Kjalar einnig að kaupa Útilegukortið 2023 og Veiðikortið 2023 á hagstæðu verði í gegnum orlofsvef félagsins.

Loks er að nefna styrki undir merkjum „Orlofs að eigin vali“ sem eru í boði, alls 175 styrkir að fjárhæð 30.000 hver.



REYKJAVÍK



Sólheimar 25



Sólheimar 27, 3 íbúðir



Sóltún 30

KÓPAVOGUR



Lækjarsmári 4

MUNAÐARNES




Eyrarhlíð 53



Stekkjarhóll 63



Stekkjarhóll 64



Vörðuás 20



Vörðuás 21



Reynihlíð

HÚSAFELL



Ásendi 6

VARMAHLÍÐ



Reykjahólsvegur 8

AKUREYRI



Hólmatún 7

KJARNASKÓGUR



Gata Mánans nr. 7,
Kjarnabyggð

VAÐLAHEIÐI



Vaðlaborgir

ILLUGASTÐIR



Illugastaðir, tvö hús

FLJÓTSDALSHÉRAÐ



Eiðar – hús nr. 3



Eiðar – hús nr. 8



Eiðar – hús nr. 7 (gestahús)



Úlfstaðir – hús nr. 31

SUÐURLAND



Lyngás, Bláskógabyggð



Á að vera gaman að heimsækja bókasafnið



Þuríður Jóna Steinsdóttir, bókavörður á Amtsbókasafninu á Akureyri.

„Við leggjum áherslu á að hafa bókasafnið lifandi, efnum til viðburða og viljum að það sé gaman að koma á bókasafnið. Starfsemin hjá okkur er svo miklu meira en útlán á bókum, rafrænum eða prentuðum. En það eitt er víst að bókin stendur alltaf fyrir sínu,“ segir Þuríður Jóna Steinsdóttir, bókavörður á Amtsbókasafninu á Akureyri. Hún er félagi Kjalar stéttarfélags.

Fjölbreytt dagskrá vekur áhuga

„Margir okkar viðskiptavina vilja bara prentaðar bækur meðan aðrir hafa fært sig yfir í rafrænar útgáfur. Smekkurinn í þessu er misjafn og margt af yngri fólkinu sem kemur til okkar kys frekar prentuðu bækurnar. Það er talsvert um að foreldrar komi með börnin sín til okkar og við erum sem dæmi með sérstaka

fjölskylduviðburði, einmitt til að gera fjölskylduheimsóknina í bókasafnið ennþá skemmtilegri. Almennt má segja að við fáum mjög góða svörun við viðburðunum hér á safninu og það er mjög ánægjulegt,“ segir Þuríður og svarar því aðspurð að það sé ekki skilyrði fyrir því að starfa sem bókavörður að vera bókaormur.

„Fyrst og fremst er mikilvægt í starfinu að kynna sér það sem hér er í boði fyrir viðskiptavini og hafa gaman af því að þjónusta þá og taka þátt í skipulagningu og framkvæmd viðburða safnsins. Sjálf hef ég alltaf haft gaman af bókum en það gefast samt ekki eins margar stundir til bóklesturs eins og áður þegar maður er með lítil börn,“ svarar hún og hlær.

Bökunarform, plokktangir og bækur!

Hjá Amtsbókasafninu er talsverður hópur fastra viðskiptavina, kunnugleg andlit sem Þuríður og samstarfsfólk hennar hittir reglulega.

„En svo kemur oft fólk hingað sem ekki þekkir mikið til okkar starfsemi og verður mjög hissa þegar það áttar sig á hversu fjölbreytt og lifandi safnið er. Sem dæmi kemur það mörgum á óvart að sjá að við erum líka með óhefðbundin útlán og lánum t.d. út bökunarform og plokktangir, svo dæmi sé nefnt,“ segir Þuríður sem hefur starfað hjá Amtsbókasafninu í rúm átta ár. Hún er með BA gráðu í heimspeki og diplómagráðu í upplýsingafræði.

Hún er ánægð með styttingu vinnuvikunnar í síðustu kjarasamningum og vonast eftir að áfram verði haldið á þessari braut. „Mér finnst þetta koma mjög vel út – ekki síst fyrir fjölskyldufólk eins og mig. Ég stytta tvo daga í viku og get nýtt þann tíma fyrir heimilishaldið – eða bara til að hlaða batteríin. Þetta er tími sem nýtist vel,“ segir Þuríður.

Fjölbreytnin gerir starfið skemmtilegra

„Ég er að smíða, er á tækjum og í verkamannsstörfum þegar það á við. Verkefni eru fjölbreytt og engir tveir dagar,“ segir Bryndís Rut Haraldsdóttir sem starfar hjá áhaldahúsi sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Verkefni út um allt

„Ég er menntaður smiður og mörg verkefni snúa að smíðum og þau geta verið alls konar; allt frá því að skipta um gler í gluggum yfir í að smíða setbekki í íþróttahúsið. Fjölbreytnin gerir starfið skemmtilegt,“ segir Bryndís Rut en hún er uppalin á bænum Brautarholti í Skagafirði og segir það hafa mótast í uppeldinu að takast á við þau verkefni sem að höndum ber í sveitinni og leysa þau. Það hafi fylgt henni yfir í starfið fyrir áhaldahúsið.

„Verkefni okkar eru um allt sveitarfélagið og við förum vítt og breitt á svæðinu á sama deginum. Við erum sex starfsmennirnir á gólfi, ef svo má segja, og eigum fullt í fangi með að komast yfir allt það sem þarf að gera,“ segir Bryndís Rut.

Vinna og knattspyrna á sumrin

Vinnutímastytting er komin til framkvæmda hjá Bryndísi Rut og samstarfsfólki hennar en hún segir að það hafi raunar tekið



Bryndís Rut Haraldsdóttir, smiður hjá áhaldahúsi sveitarfélagsins Skagafjarðar.

drjúgan tíma að koma henni í framkvæmd. „Með því að gefa eftir matar- og kaffitíma þá hættum við um hádegi á föstudögum og það hentar mér vel,“ segir Bryndís Rut sem spilar með kvennaliði Tindastóls í efstu deild í knattspyrnu í sumar. „Þetta gengur ágætlega saman og yfirmennirnir eru liðlegir við mig en kosturinn er líka sá fyrir vinnustaðinn að ég tek aldrei sumarfrí fyrr en seint á haustin.“

Áskoranir í blönduðu vinnuumhverfi

Dagana 21. - 23. júní síðastliðinn fóru fulltrúar á vegum Kjarar á ráðstefnu hjá NTR í Gautaborg í Svíþjóð en NTR er norrænt tengslanet stéttarfélaganna opinberra starfsmanna á Norðurlöndum.

Á ráðstefnunni var farið yfir þær miklu áskoranir sem dunið hafa á vinnumarkaðnum í kjölfar þeirra breytinga í vinnuumhverfi sem Covid takmarkanir kölluðu á. Vinnumarkaðurinn hefur orðið blandaðri en áður var og sú breyting hefur ýmislegt í för með sér í vinnuumhverfi starfsmannsins sem vert er fyrir stéttarfélög að gefa gaum.

Á vinnustofum ráðstefnunnar var meðal annars fjallað um sálrænt/andlegt vinnuumhverfi á blönduðum vinnumarkaði, stjórnun á vinnustöðum, hvað gerist í blönduðu vinnuumhverfi, jafnrétti á blönduðum vinnumarkaði og heilindi starfsmanns í blönduðu vinnuumhverfi.

Fjarvinna og vinnustaðir í bland

Umfjöllun á ráðstefnunni endurspegladi að samskonar áskoranir eru víða á Norðurlöndunum. Flestir kunna vel við þá þróun sem orðið hefur á hinum blandaða vinnumarkaði sem hefur rutt sér til rúms með stað- og fjarvinnumöguleikum sem þróuðust hratt á Covid tímanum.



Fulltrúar Kjarar á NRT ráðstefnunni í Gautaborg í fyrrasumar. Frá vinstri: Arna Jakobína Björnsdóttir, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, Hólmfríður Jónsdóttir, Kristín Sigurðardóttir og Ingunn Jóhannesdóttir.

Í niðurstöðum sem kynntar voru af Christine Ipsen, lektor við Danska tækniháskólann, kom fram að flestir svarenda sem aðhyllast heimavinnu vilja sjá blöndu af fjarvinnu og vinnu á vinnustað. Hún fjallaði í kynningu sinni um bæði ókosti og kosti heimavinnu en í könnuninni kom fram að flestir þeirra sem aðhyllast heimavinnuvalkostinn telja að 1-2 dagar í heimavinnu í viku sé hæfilegt.

Á ráðstefnunni í Svíþjóð tók Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjarar stéttarfélags, við formennsku í NTR og bauð hún ráðstefnugesti velkomna á næstu ráðstefnu samtakanna í ár á Íslandi.


Styrkir sjóða hækkaðir

Styrkir mannauðs- og fræðslusjóða Kjarar hafa verið hækkaðir en umsóknunum um styrki hefur fjölgað á ný eftir að Covid faraldrinum slotaði.

Hækkun styrkja frá 1. janúar

Í fyrra var úthlutað 29 styrkjum úr mannauðssjóði en skipta má styrkveitingum sjóðsins í þrjá flokka, þ.e. náms- og kynnisferðir, ráðgjafi að láni og fræðsluverkefni.

Styrkir til sveitarfélaga og stofnana þeirra vegna náms- og kynnisferða hafa verið hækkaðir úr 130.000 kr. í 170.000 kr. pr. starfsmann auk þess sem tímalengd milli slíkra verkefna var lengd úr þremur árum í fjögur. Breytingarnar eru afturvirkar til 1. janúar 2023.




Umsóknunum um styrki úr mannauðssjóði hefur fjölgað á ný eftir að áhrif Covid faraldursins á samfélagið minnkuðu.

Náms- og kynnisferðir eru ekki styrktar með einstaklingsstyrkjum heldur eingöngu með styrkjum vegna útlagðs kostnaðar sveitarfélaga og stofnana þeirra. Umsækjendur um styrk eru því alltaf sveitarfélögin sjálf eða stofnanir þeirra.

Á fjórða hundrað umsóknir til fræðslusjóðs

Styrkir fræðslusjóðs Kjarar voru í fyrra 333 talsins og voru greiddar rúmar 18,3 milljónir króna í styrki. Konur eru í miklum meirihluta umsækjenda, eða alls 262 en frá körlum barst 71 umsókn.

Nýjar reglur um styrkveitingar úr fræðslusjóði tóku einnig gildi frá 1. janúar 2023. Félagsfólk átti áður rétt á hámarksstyrk að fjárhæð 140.000 kr. á 24 mánaða tímabili en samkvæmt nýjum reglum er veittur styrkur að hámarki 150.000 kr. á 12 mánaða-tímabili. Fræðslusjóður hefur að markmiði að auka hæfni sjóðsfélaga og möguleika þeirra til starfsþróunar í starfi eða eftir atvikum að styrkja þá til sí- og endurmenntunar.



Konur eru í miklum meirihluta félagsfólks sem nýtir sér þjónustu fræðslusjóðs.

Veikindaréttur

Allt starfsfólk á rétt á launum frá vinnuveitanda vegna veikinda eða slysa. Fjöldi daga er misjafn vegna starfsaldurs og vegna nýtingar á síðustu 12 mánuðum fyrir veikindi. Samkvæmt kjarasamningi á starfsfólk sem ráðið er til starfa á mánaðarlaunum í a.m.k. 2 mánuði rétt á launum svo lengi sem veikindadagar, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

- 0-3 mánuðir í starfi — 14 dagar
- Næstu 3 mánuðir — 35 dagar
- Eftir 6 mánuði — 119 dagar
- Eftir 1 ár — 133 dagar
- Eftir 7 ár — 175 dagar
- Eftir 12 ár — 273 dagar
- Eftir 18 ár — 360 dagar

Greiðsluskyld veikindi

Við mat á því hvað eru greiðsluskyld forföll er byggt á skilgreiningu læknisfræðinnar á sjúkdómshugtakinu. Algengast er að stuðst sé við læknisvottorð. Nokkrir dómar hafa fjallað um það hvort ákveðin tegund veikinda geti flokkast undir greiðsluskyld forföll. Það sem kann að falla þar undir eru til að mynda vöðvabólga, tannsjúkdómar en þó ekki hefðbundnar viðgerðir, veikindi á meðgöngu, ásamt andlegum sjúkdómum. Það sem fellur ekki undir sjúkdómshugtakið í vinnurétti eru til að mynda fegrunar- og lýtaaðgerðir og áfengissýki.

Uppsögn í veikindum

Ekki er æskilegt undir nokkrum kringumstæðum að segja upp starfi þegar veikindi koma upp því veikindaréttur fellur niður við starfslok. Í því samhengi skiptir ekki máli hvort starfsmaður hefur sjálfur sagt starfi sínu lausu eða hvort honum hefur verið sagt upp starfi. Uppsögn starfsmanns getur aldrei skert veikindarétt starfsmanns, þ.e. ef uppsagnarfrestur er skemmri en veikindaréttur. Starfsmaður á rétt á launum í samræmi við áunninn veikindarétt, óháð uppsögninni. Byggir þetta á því grundvallarsjónarmiði að vinnuveitanda á ekki að vera mögulegt að skerða veikindaréttindi starfsmanna sinna með uppsögn úr starfi, nema að málefnalegar ástæður séu þar að baki sem ekki eigi rót að rekja til veikinda starfsmanns.

Þjónustualdur við ákvörðun veikindaréttar

Við mat á ávinnsurétti veikindaréttar starfsmanns skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfs-eignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Læknisvottorð

Í kjarasamningum er fjallað um að ef óvinnufærni er meira en fimm vinnudagar samfleytt skuli starfsmaður alltaf skila læknisvottorði. Ef fjarvistir vegna veikinda eru langvarandi skal starfsmaður endurnýja læknisvottorð eftir því sem yfirmaður ákveður, en ekki sjaldnar en mánaðarlega. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ef fyrirséð er að veikindin verði til langs tíma. Starfsmaður á rétt á að fá endurgreiddan kostnað vegna læknisvottorða og læknisheimsóknna sem tengjast öflun vottorða, sem sannarlega er óskað eftir af yfirmanni.

Sjúkkrasjóður BSRB

Eftir að rétti til launa í veikindum sleppir hjá vinnuveitanda kann félagsmaður að eiga rétt á greiðslum frá sjúkrasjóði BSRB í formi dagpeninga, einnig vegna sjúkrabjálfunar, viðtala við sálfræðing/félagsráðgjafa, líkamsræktar og annars tengt heilsu.

Endurkoma til vinnu

Hafi starfsmaður verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfelld í einn mánuð eða lengur, má hann ekki hefja starf að nýju nema læknir votti að heilsa hans leyfi. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis hlutaðeigandi stofnunar, telji hún þörf á því.

Trúnaðarlæknir

Í kjarasamningsákvæðunum er ekki víkið að því með hvaða hætti trúnaðarlæknir skuli leggja mat á vinnufærni starfsmanns eða hver skuli vera undanfari útgáfu læknisvottorðs hans. Þannig er hvorki mælt fyrir um skyldu starfsmanns til að mæta til skoðunar eða viðtals hjá trúnaðarlækni né um heimild vinnuveitanda til að gefa starfsmanni slík fyrirmæli. Samkvæmt orðanna hljóðan leiðir það því ekki af skýringu ákvæðanna að yfirmaður geti skyldað starfsmann til að mæta hjá trúnaðarlækni. Því má ætla að ekki sé heimilt að skikka starfsmann til að mæta til trúnaðarlæknis.

Lausnarlaun

Hafi starfsmaður verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa svo mánuðum skiptir á hverju ári um fimm ára tímabil eða í jafnlangan tíma, og ekki er skýlaust vottað að hann hafi fengið heilsubót sem ætla megi varanlega, má leysa hann frá störfum vegna heilsubrests. Einnig er heimilt að leysa starfsmann frá störfum sem hefur verið samfelld frá vinnu vegna veikinda eða slysa launalaust í jafnlangan tíma og þann tíma er hann átti rétt á að halda launum í fjarveru sinni.

Starfsmaður getur að eigin frumkvæði, eftir að hafa verið samfelld frá vinnu vegna veikinda eða slysa launalaust í jafnlangan tíma og þann tíma er hann átti rétt á að halda launum í fjarveru sinni, óskað eftir að vera leystur frá störfum.

Þegar starfsmaður er leystur frá störfum samkvæmt ofan-sögðu skal hann halda föstum launum í þrjá mánuði.

Heilsa á ný

Þegar starfsmaður hefur náð fullri heilsu á ný er ekkert því til fyrirstöðu að hann sækir um sitt fyrra starf eða sambærilegt starf. Óheimilt er að líta fram hjá umsókn um starf á grundvelli þess að viðkomandi hefur áður þegið lausnarlaun vegna heilsubrests.

Ráðgjöf

Mikilvægt er að fá ráðgjöf og réttar upplýsingar frá sérfræðingum félagsins þegar veikindi ber að svo ekki verði réttindamissir.

Gott að hafa í huga

- Við upphaf starfs er gott að leggja inn starfsvottorð til mats á þjónustualdri vegna ávinnslu á veikindarétti
- Ekki skal segja upp vinnu þegar upp koma veikindi
- Ef upp koma vafamál vegna veikindaréttar er ráðlegt að hafa samband við félagið.

Annríki hjá Strandamönnum

Júlíus Jónsson er trúnaðarmaður Kjalar stéttarfélags hjá Orkubúi Vestfjarða á Hólmavík. Hann er einn af tíu manna vinnuflokki Orkubús Vestfjarða á staðnum en svæðið sem vinnuflokkurinn þjónustar er víðfeðmt og ekki alltaf auðvelt yfirferðar. Í reynd nær það norður í Árneshrepp, að Hvítanesi í Ísafjarðardjúpi og að Klettshálsi í vestri og að Hrutafirði í suðri. „Í reynd má segja að þetta séu um 100 kílómetrar í þessar áttir út frá Hólmavík. Okkar svæði er því stórt,“ segir Júlíus.

Orkuöryggi eykst með jarðstrengjum

Aðal verkefni Júlíusar og samstarfsmanna hans núna er vinna við að færa háspennulagnir úr loftlínunum yfir í jarðstrengi og það verkefni segir hann langt á veg komið á þjónustusvæði vinnuflokksins á Hólmavík.

„Við erum líkast til búnir að færa um 80% af línunum í jörð svo að það er nokkuð enn í land þó mikið sé búið,“ segir hann en vinna við þetta verkefni nær nánast yfir allt árið. Þegar jarðvinnunni sjálfri sleppir yfir háveturinn segir Júlíus að unnið sé við spennistöðvar og annað sem jarðstrengjunum fylgir. Hann segir tilkomu jarðstrengjanna breyta miklu, bæði fyrir íbúa á svæðinu og starfsmenn Orkubúsins.

„Raforkuöryggið hefur stórauðist með jarðstrengjunum miðað við það sem áður var og heyrir til undantekninga að truflun verði á raforkuafhendingu til notenda. Að sama skapi hefur líka orðið veruleg breyting á okkar störfum og útköll vegna bilana í vöndum veðrum heyrir nánast sögunni til,“ segir Júlíus en tækifærið er nýtt við jarðstrengslagnirnar til að leggja samhliða ljósleiðara og er því óhætt að segja að framkvæmdirnar auki lífsgæði íbúða á Ströndum á margvíslegan hátt.

Vinnutímastytting kemur vel út

Í vinnuflokknum á Hólmavík eru menn sem starfað hafa mjög lengi saman og eru þrautreyndir á þessu sviði en Júlíus segir vandamálið einna helst að erfitt sé að endurnýja í hópnum þegar menn komist á aldur. „Því miður hefur gengið frekar erfiðlega að fá nýja starfsmenn og okkur vantar fleiri hendur því verkefni framundan eru næg,“ segir Júlíus.

Hlutverki trúnaðarmanns hefur Júlíus gegnt í yfir 15 ár. „Eiginlega má segja að það besta við trúnaðarmannshlutverkið sé hversu lítið hefur reynt á og ekkert komið upp á vinnustaðnum sem hefur komið til kasta mín sem slíks. Auðvitað er gott þegar svo er,“ segir hann.

Líkt og á öðrum vinnustöðum þar sem starfsmenn starfa samkvæmt kjarasamningi Kjalar hefur ákvæði um styttingu vinnuvikunnar tekið gildi hjá starfsmönnum Orkubús Vestfjarða á Hólmavík.

„Vinnutíminn hefur verið að þróast og breytast hjá okkur á undanförunum árum. Við höfðum áður gert breytingar á þann veg að byrja fyrr á morgnana og hætta seinna á daginn gegn því að hætta um hádegi á föstudögum. Vinnuvíkustyttingin var því útfærð þannig hjá okkur að við styttnum vinnudagana í báða enda og ljúkum vinnuvíkunni um hádegi á föstudögum. Mér finnst þetta koma mjög vel út og allir eru ánægðir en vissulega er það svo að yfir sumarið þegar mikið er að gera þá vinnum við gjarnan lengur á föstudögum ef á þarf að halda. Í verkefnum eins og okkar er þetta ekki niðurneglt og oft nauðsynlegt að vinna einhverja yfirvinnu,“ segir Júlíus.

Starfið mitt



AÐALFUNDUR

Aðalfundur Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu verður haldinn 29. mars 2023 í Hamri Menningarhúsinu Hofi á Akureyri, klukkan 17:00.

Fundurinn verður einnig í fjarfundi og því þarf að skrá sig á fundinn á heimasíðu félagsins: www.kjolur.is

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta ári, samþykkt reikninga og kosning til stjórnar til næstu þriggja ára.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar frá síðastliðnu ári og skýrsla orlofssjóðs.
- Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.
 - a. Félagssjóður - umræður - borið upp til afgreiðslu.
 - b. Orlofssjóður - umræður - borið upp til afgreiðslu.
- Stjórnarkjöri lýst.
- Kosinn endurskoðandi félagsreikninga og tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- Kosning þriggja manna í kjörstjórn og jafnmarga varamenn.
- Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóðs.
- Tekin fyrir málefni fræðslusjóðs skv. reglum sjóðsins.
 - a. Reikningar sjóðsins - umræða - borið upp til afgreiðslu.
- Tekin fyrir málefni átaks- og vinnudeilusjóðs, skv. reglum sjóðsins.
 - a. Reikningar sjóðsins - umræða - borið upp til afgreiðslu.
- Samþykkt fjárhagsáætlun næsta árs.
- Önnur mál.